



## Fundargerð

333. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps  
Fimmtudaginn 12. janúar 2011, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að flytja mál 7 aftast á dagskránnu og loka fundi. Einnig að taka tvö mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt samhljóða.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 331. og 332. fundur hreppsnefndar 8. og 15. desember 2011.

*Farið yfir fundargerðir og þær samþykktar.*

#### 2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 9. janúar 2012.

*Farið yfir fundargerð.*

*Liður 2, mál 1106002 – Breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 – 2018, deiliskipulag fyrir Þórisstaði. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar, að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 -2018 skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Ekki er talið að breyting á aðalskipulagi hafi í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið. Samþykkt samhljóða.*

*Liður 3, mál 1102005 – Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey. Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og byggingarnefndar. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulag fyrir Tröllenda með áorðnum breytingum þar með fellur úr gildi deiliskipulag fyrir vesturhluta svæðisins sem samþykkt var 18.12.1992. Samþykkt samhljóða.*

*Liður 4, mál 1201002 – Reykhólahöfn 219869, umsókn um byggingalóð. Sveitarstjórn samþykkir að hefja vinnu við gerð skipulagsuppdráttar fyrir svæðið. Samþykkt samhljóða.*

*Liður 6, 1201003 – Viðlagatrygging á hafnarmannvikjum. Samþykktur.*

*Liður 8, mál 120111 – Litlanes 139638 stofnun lóðar og landskipti. Samþykktur.*

*Vegna stígagerðar í Flatey barst athugasemd frá Lísu Kristjánsdóttur varðandi leiksvæði og grill nálægt Lómatjörn. Framkvæmdaleyfi tekur einungis til stígagerðar í Flatey. Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*



**3. 8. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps 30. nóvember 2011.**  
Gögn frá fundi.

*Fjárhagsáætlun vegna málefnda fatlaðra, skoðunarkönnun meðal eldri borgara í Reykhólahreppi kynnt..*

**Mál til afgreiðslu:**

**1. 1201005 – Álagningarákvæði ársins 2012.**

*1. Útsvar (samþykkt 15. desember 2011).*

*Álagningargjaldstig útsvars á tekjur ársins 2012 er 14,48%*

*Auk útsvars 13,28% eru 1,20 % vegna tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.*

*2. Fasteignaskattur (samþykktur 15. desember 2011).*

*Fasteignaskattur A 0,50%*

*Fasteignaskattur B 1,32%*

*Fasteignaskattur C 1,65%*

*Holræsagjald 0,20%*

*Vatnsgjald 0,50%*

*Lóðarleiga 4% af fasteignamati lóðar (af nýjum lóðum).*

*Sorpeyðingargjald (samþykkt 15. desember 2011)*

*Einbýlishús 26.600*

*Sumarhús 13.300*

*Lögbýli 26.600*

*Atvinnuhúsnæði 26.600*

*Gjalddagar fasteignagjalda eru fjórir:*

*10. mars 2012*

*10. apríl 2012*

*10. maí 2012*

*10. júní 2012*

*Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.*

*Sé álagningin 10.000 kr. eða minni er einn gjalddagi, 10. mars 2012.*

*Sé álagningin 10.001 til 20.000 kr. eru tveir gjalddagar, 10. mars og 10. apríl 2012.*

*Annars eru gjalddagarnir fjórir.*

*Afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega:*

*Heimilt er að veita elli- og örorkulífeyrisþegum 100% afslátt af fasteignagjöldum ef árstekjur fara ekki yfir 2.301.000 kr. hjá einstaklingi og 2.950.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki.*

*Afsláttur er aðeins veittur af einni íbúð hvers gjaldenda og þarf hann að hafa lögheimili í íbúðinni. Ekki þarf að sækja sérstaklega um afsláttinn. Samþykkt samhljóða.*



**2. 1201006 – Gjaldskrár sveitarfélagsins 2012.**

*Samþykkt að hækka gjaldskrár sveitarfélagsins um 5-10% nema matargjald og leikskólagjald sem verða óbreytt.*

**3. 1101032 – Lán frá Íbúðarlánasjóði vegna byggingar Hólatraðar 1 og 3.**

*Sótt hefur verið um lán til Íbúðarlánasjóðs vegna byggingar Hólatraðar 1 og 3. Sveitarsjóður stóð undir kaupum eignanna á sínum tíma, ásamt því að byggingu þeirra yrði lokið. Lögð eru fram til undirritunar veðskuldabréf nr. 320179 vegna Hólatraðar 1, fastnr. 231-3556 og veðskuldabréf nr. 320180 vegna Hólatraðar 3 fastnr. 231-3558. Lánstími beggja bréfanna eru 30. ár, grunnvísitala 384.6, fyrsti gjalddagi 01.03.2012. Vextir á ári 4.9%. Lánsupphæð er 15 millj. kr. á hvoru bréfi, 30 millj. kr. samtals. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða töku lána með útgáfu ofangreindra veðskuldabréfa. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita veðskuldabréfin fyrir hönd Reykhólahrepps. Byggingarnar hafa hlotið lokaúttekt, þar með fellur niður afsláttur af leigugjaldi húsanna.*

**4. 1201007 – Samningur um búfjáreftirlit.**

*Samningur frá Búnaðarsamtökum Vesturlands til undirritunar.*

*Lagður er fram samningur við Búnaðarsamtök Vesturland um búfjáreftirlit skv. lögum um búfjáreftirlit nr. 103/2002 m. tilheyrandi reglugerð. Samningurinn er samþykktur, sveitarstjóra er falið að undirrita samninginn fyrir hönd Reykhólahrepps.*

**5. 1112021 - Endurreisn Ólafsdals, styrkbeiðni.**

*Erindi frá Ólafsdalsfélaginu dagsett 8. desember 2011.*

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps sér sér ekki fært um að verða við beiðninni að sinni. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1201008 – Þorablót.**

*Erindi frá hótelskjóra Bjarkarlundar dagsett 28. desember 2011.*

*Í erindinu er óskað eftir því við hreppsnefnd að hún hlutist til um að afla skýringar á meðferð tilboðs Bjarkalundar vegna þorablóts á Reykhólum. Þorablótsnefnd er ekki nefnd á vegum sveitarstjórnar og mun sveitarstjórn ekki hlutast til um málefni hennar. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1201015 - Breyting á greiðsluskilmálum tveggja skuldabréfa veðsettum í Kötlulandi.**

*Beiðni um undirritun veðhafa á breyttum skilmálum lána hjá Landsbanka Íslands.*

*Málið flutt síðast á dagskránni og fundi lokað, í framhaldi er málinu frestað á meðan frekari gagna er aflað.*

**Til kynningar**

**8. 0901028 – Kaup á eignarhluta ríkisins í Reykhólandi, landnr. 216276.**

*Undirritaður kaupsamningur.*

*Lagt fram.*



**9. 1111025 – Sala á greiðslumarki Kötlulands.**

Undirritaðir kaupsamningar.

*Lagt fram. Sveitarstjórn samþykkti á milli funda að fela sveitarstjóra undirritun kaupsamningana. Greiðslumark 239 ærgilda seldist á verðinu 24.000 – 27.500, alls að upphæð kr. 6.157.250,- .*

**10. 1201014 - Umsögn um frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun.**

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

*Lagt fram. Sveitarstjórn Reykhólahrepps lýsir ánægju með umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.*

**11. 1201010 – Innleiðing á nýjum lögum nr. 44/201 „Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar”.**

Erindi frá Landmælingum Íslands dagsett 14. desember 2011.

*Kynnt.*

**12. 1201009 – Fundargerð 792. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

*Kynnt.*

**13. 1201013 - 122.fundur Breiðafjarðarnefndar.**

*Kynnt.*

**Önnur mál (ef einhver):** Löglega upp borin.

**14. 1201016 - Snjómokstur í þéttbýli.**

*Halda þarf snjómokstri í lágmarki og forgangsraða. A) Leikskóli og grunnskóli, b) Hjúkrunar- og dvalarheimilið, c) helstu akstursleiðir á forræði hreppsins og aðrar stofnanir. Sveitarstjóra falið að athuga samninga við verktaka.*

**15. 1201017 - Bókasafn Barmahlíðar.**

*Sveitarstjórn hvetur til virkrar þjónustu við heimilisfólk Barmahlíðar. Sveitarstjórn getur ekki mælt með því að bókasafnið í Barmahlíð verði flutt að svo stöddu.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:18**

---

---

---

